

Fermingardagar 2023:

Í Akraneskirkyju eru eftirtaldir fermingardagar:

- Laugardagur 25. mars kl. 10.30
- Sunnudagur 26. mars kl. 10.30 og 13.30
- Laugardagur 1. apríl kl. 10.30 og 13.30
- Pálmasunnudagur 2. apríl kl. 10.30 og 13.30

Fermt verður í Hallgrímskirkyju í Saurbæ á skírdag 6. apríl, í Leirárkirkju sunnudaginn 23. apríl og í Innra-Hólmskirkyju á Hvítasunnudag 28. maí.



Ljósmynd: Inga Ágústsdóttir

Facebook-hópurinn okkar

Facebook-hópurinn okkar heitir *Fermingar vorið 2023 á Akranesi og í Hvalfjarðarsveit*. Gott er að bæði foreldrar og fermingarbörn skrái sig í þennan hóp. Þar koma upplýsingar um ýmislegt er varðar fermingarveturinn.

Prestarnir



Símanúmer: 433-1500

Heimasíða: www.akraneskirkyja.is

Netföng presta:

Séra Ólöf Margrét: olof@akraneskirkyja.is

Séra Þráinn: thrainn@akraneskirkyja.is

Séra Þóra: thora@akraneskirkyja.is

Facebook-síða: Akraneskirkyja Akranesi

Instagram-síða: [garda_saurbaejarprestakall](https://www.instagram.com/garda_saurbaejarprestakall)

Til þín sem verður 14 ára á næsta ári

Fermingarfræðslan í Garða- og Saurbæjarprestakalli hefst í ágúst og það væri gaman að hafa þig með!

Af hverju ættir þú að velja fermingu í kirkjunni?

Fermingarfræðsla í kirkjunni er ekki bara fyrir þau sem trúu heldur líka þau sem efast eða eru forvitin. Þar gefst tækifæri til að fást við mikilvægar spurningar með öðrum. Um það fjallar fermingarfræðslan nefnilega, að kynnast sér og Guði betur. Og upplifa í leiðinni sitthvað skemmtilegt með góðum vinum.



Fermingarfræðslan í kirkjunni hjálpar þér að:

- Velta fyrir þér á hvað þú trúir
- Kynnast viskubrunninum í Biblíunni
- Eiga samtal um stóru spurningarnar og gildin
- Kynnast lífinu í kirkjunni
- Hugsa um tilveruna
- Taka þátt í baráttu fyrir friði og réttlæti í heiminum

Skráning

Skráning í fermingarstarfið fer fram rafrænt á heimasíðu prestakallsins - www.akraneskirkja.is. Hægt er að hafa samband við kirkjuna ef einhverjar spurningar vakna, en skráning hefst formlega 16. maí. Skráningu skal vera lokið í síðasta lagi 1. júní. Fermingardagur er valinn við skráningu.

Það kostar að vera í fermingarundirbúningi, líkt og það kostar að æfa ýmsar íþróttagreinar utan skóla. Fermingarfræðslugjaldið er 21.000 kr. Rukkað verður í tvennu lagi; fyrir fyrri hlutann í ágúst (þegar sumarnámskeiðið hefst) og seinni hlutann áður en fermingar hefjast í mars. Sendir verða út rafrænir greiðsluseðlar.

Kynningarfundur

Kynningarfundur verður haldinn fyrir fermingarbörn og foreldra mánudaginn 16. maí kl. 19.30 í safnaðarheimilinu Vinaminni.



Ljósmynd: Anna Rósa Guðmundsdóttir

Fermingarfræðslan

Í fermingarfræðslunni ræðum við um vináttu og sambönd, guðsþjónustuna og altarisgönguna, sorg og gleði, gott og illt, Guð, Jesú og heilagan anda, kærleika og ást, Biblíuna og bænina, hugmyndir okkar um hvað það er að vera manneskja, umhverfi og réttlæti, hógværð og virðingu.

Sumarnámskeið

Fermingarstarfið hefst í lok ágúst. Dagana **15. - 18. ágúst** (mánudag til fimmtudags) verður haldið sumarnámskeið. Brekkubæjarskóli og Heiðarskóli verða í fermingarstarfi kl. 9 - 12 en Grundaskóli kl. 13 - 16. **Kennt verður í Safnaðarheimilinu Vinaminni.**

Þau sem ekki komast á sumarnámskeiðið mæta í staðinn í fermingarfræðslu **þrjá föstudaga**. Það eru föstudagarnir 26. ágúst, 2. september og 9. september. Tímasetningar kynntar síðar.

Framundan er spennandi og skemmtilegt námskeið í ágúst með sambland af fræðslu og leik, bæði úti og inni. Þannig gefst okkur einnig kostur á að bjóða upp á fjölbreyttari dagskrá en ella, svo sem tónlist og gesti sem hafa ýmsu góðu að miðla.

Fermingarfræðslutímar 2022 - 2023

Að loknu sumarnámskeiði koma fermingarbörn til fræðslu einu sinni í mánuði frá síðustu viku í september og fram að fermingu.

Hver samvera er 1,5 klst. að lengd. Kennsludagar verða kynntir í haust þegar stundatafla skólanna liggur fyrir.

Vatnaskógur

Við förum í fermingarferðalag í Vatnaskóg 13. - 15. september. Lagt verður af stað þann 13. september að loknum skóladegi. Ferðin er ríflega niðurgreidd af prestakallinu en hver unglingur greiðir sinn hlut. Það er ekki skyldumæting í ferðina en Vatnaskógur er góður staður til að hrista hópinn saman og blanda saman fræðslu og skemmtun.



Ljósmynd: sr. Bragi Ingibergsson

Fermingardagurinn

Fermingardagurinn er hátíðlegur fyrir þig, fjölskylduna þína og fólkíð í kirkjunni. Hann er hápunktur eftir vetur þar sem þú hefur fengið tækifæri til að vera með öðrum, spjalla, hlusta, læra, búa til, láta gott af þér leiða og upplifa.